



Reglur Fjarðabyggðar um sérstakan húsnæðisstuðning

Almenn ákvæði

1. gr.

Markmið

Sérstökum húsnæðisstuðningi er ætlað að lækka greiðslubyrði vegna húsnæðiskostnaðar hjá þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði eða eru með íþyngjandi húsnæðiskostnað sökum:

- a) Lágra tekna / lítilla eigna,
- b) þungrar framfærslubyrðar og
- c) félagslegra aðstæðna.

2. gr.

Lagagrundvöllur

Sérstakur húsnæðisstuðningur er veittur á grundvelli 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og byggist meginreglum þeirra laga sbr. einkum 1. gr. og IV. kafla. Ákvörðun um sérstakan húsnæðisstuðning er því tekin á grundvelli mats, sem tekur til tekna og eigna, framfærslubyrði og félagslegra aðstæðna, sbr. 1. gr.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er veittur í samhengi við félagslega ráðgjöf sbr. V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Markmið ráðgjafar er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar. Ráðgjöf í húsnæðismálum er veitt í samvinnu við aðra þá aðila sem veita húsnæðisstuðning, m.a. Vinnumálastofnun vegna húsnæðisbóta, Íbúðalánasjóð vegna stofnframlaga og hlutaðeigandi rekstraraðila vegna úthlutunar á húsnæðisúrræðum.

3. gr.

Samspil við önnur stuðningsform

Sérstakur húsnæðisstuðningur Fjarðabyggðar er veittur að teknu tilliti til annarra stuðningsforma. Almennt gildir að sérstakur húsnæðisstuðningur kemur til viðbótar húsnæðisbótum samkvæmt lögum nr. 75/2016. Leiði mat skv. 2. gr. til þeirrar niðurstöðu að önnur stuðningsform nægi ekki til þess að tryggja húsnæðisöryggi og sýni að umsækjandi (einstaklingur eða fjölskylda) geti ekki staðið undir húsnæðiskostnaði kemur til veitingar á sérstökum húsnæðisstuðningi.

4. gr.

Skilgreiningar

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu til viðbótar húsnæðisbótum sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Húsnæðisbætur eru mánaðarlegar greiðslur til lækkunar á húsnæðiskostnaði efnaminni leigjenda íbúðarhúsnæðis hér á landi.



Húsnæðiskostnaður er sá hluti fjárhæðar sem greiddur er samkvæmt samningi um leiguafnot af húsnæði. Aðrar greiðslur og kostnaðarþættir sem leigjanda ber að greiða samkvæmt samningi eða lögum, svo sem fyrir hita, vatn, rafmagn, hússjóð, viðhald o.fl., teljast ekki til húsnæðiskostnaðar.

Skilyrði, viðmið og greiðslur

5. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn verði tekin til meðferðar

Við vinnslu umsóknar skal leita upplýsinga um m.a. lögheimili, tekjur og eignir. Umsækjandi þarf að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að umsókn öðlist gildi:

1. Umsækjandi skal hafa fengið samþykkaða umsókn um húsnæðisbætur á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.
2. Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára á umsóknardegi og eiga lögheimili í Fjarðabyggð þegar sótt er um.
3. Samningur eða tilboð um samning, skal liggja fyrir um afnot af leiguhúsnæði sem er staðsett í Fjarðabyggð.
4. Félagsleg staða umsækjanda og fjölskyldu hans skal metin samkvæmt viðmiðum 6. gr. Umsækjandi skal uppfylla að lágmarki 5 stig á matskvarða.
5. Samanlagðar tekjur umsækjanda og annars heimilisfólks 18 ára og eldra, skulu vera undir efri tekjumörkum skv. viðmiðum um tekjur sem uppfærð eru af Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti ár hvert.
6. Samanlagðar eignir umsækjanda og annars heimilisfólks, 18 ára og eldra, á næstliðnu ári skulu ekki vera hærri en samkvæmt þeim viðmiðum um eignir sem uppfærð eru af Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti ár hvert.

Heimilt er að veita undanþágur vegna sérstakra aðstæðna með formlegu samþykki meðferðafundar fjölskyldusviðs.

6. gr.

Viðmið vegna mats á félagslegum aðstæðum

Mat á félagslegum aðstæðum umsækjenda fer að meginstefnu eftir sömu sjónarmiðum og þegar önnur aðstoð er veitt á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Farið er eftir skráðum matsviðmiðum sem kvarða tiltekin atriði í matinu með stigum.

7. gr.

Tekju- og eignamörk

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti uppfærir tekju- og eignarviðmið í leiðbeiningum til sveitarfélaga um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings. Tekju- og eignamörk fyrir árið má finna á vef Stjórnarráðs Íslands.



8. gr.

Útreikningur og mörk

Sérstakur húsnæðisstuðningur er reiknaður sem ákveðið hlutfall af húsnæðisbótum þannig að fyrir hverjar 1.000 kr. fær leigjandi greiddar 1.000 kr. í sérstakan húsnæðisstuðning, að teknu tilliti til lækkunar samkvæmt öðrum skilyrðum 7. gr. og að teknu tilliti til áhrif tekna samkvæmt sömu grein.

Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur geta aldrei numið hærri fjárhæð en samtals 100.000 kr. Framangreindar fjárhæðir koma til endurskoðunar þegar breyting verður á grunnfjárhæðum húsnæðisbóta samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

9. gr.

Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára ungmenna.

Veita skal sérstakan húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila 15-17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum hér á landi vegna náms fjarri lögheimili. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal vera óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjáraðila og nema allt að 60% af leigufjárhæð. Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns.

Ákvæði 5 gr. reglna þessara og viðmið um tekjur og eignamörk gilda ekki um sérstakan húsnæðisstuðning vegna 15-17 ára barna.

Meðferð umsókna

10. gr.

Umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning

Félagsþjónusta Fjarðabyggðar annast móttöku og afgreiðslu umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning. Í umsókn skulu umsækjandi og aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, veita félagsþjónustunni heimild til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum, svo sem Vinnumálastofnun og skattayfirvöld. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.

11. gr.

Málsmeðferð

Meðferð umsókna fer að meginstefnu eftir sömu sjónarmiðum og þegar önnur aðstoð er veitt af félagsþjónustu Fjarðabyggðar. Helstu þættir í málsmeðferð eru:

- a) Umsóknir skulu berast í gegnum íbúagátt á vef Fjarðabyggðar
- b) Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu og með vitund umsækjanda
- c) Afgreiða skal umsókn eins fljótt og unnt er eftir að hún berst og skal niðurstaða kynnt umsækjanda.



- d) Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan í ákvæði þessara reglna. Jafnframt skal umsækjanda kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

12. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu

Heimilt er að bera synjun um sérstakan húsnæðisstuðning í hluta eða heild undir fjölskyldunefnd Fjarðabyggðar. Skal það gert skriflega og eigi síðar en fjórum vikum eftir að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskyldunefndar Fjarðabyggðar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var kunngerð ákvörðun.

Endurnýjun umsóknar, upplýsingaskylda og endurskoðun ákvörðunar

13. gr.

Breytingar á aðstæðum umsækjanda

Umsækjandi skal upplýsa félagsþjónustuna um breytingar sem verða á aðstæðum hans og áhrif sem þær kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þörf á sérstökum húsnæðisstuðningi.

14. gr.

Leiðrétting á sérstökum húsnæðisstuðningi

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið hærri en umsækjandi átti rétt til á tilteknu tímabili ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var.

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið lægri en umsækjandi átti tilkall til á tilteknu tímabili ber félagsþjónustunni að greiða þá fjárhæð sem vangreidd var.

15. gr.

Endurskoðun

Rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings má endurskoða hvenær sem er og endurreikna fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings þannig að upphæð greiðslu verði í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna.

16. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Sérstakur húsnæðisstuðningur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda er endurkræfur með sama hætti og gildir um fjárhagsaðstoð sbr. 23. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.



Matsviðmiði fyrir sérstakan húsnæðisstuðning

<i>Staða umsækjanda</i>	<i>Stig</i>
Staða umsækjanda er önnur en getið er hér að neðan	0
Örorkulífeyrisþegi með 75% örorkumat	2
Ellilífeyrisþegi eingöngu með ellilífeyri frá hinu opinbera	2
Fær fjárhagsaðstoð hjá Fjarðabyggð vegna langvarandi atvinnuleysis eða óvinnufærni	2

<i>Húsnæðisstaða</i>	<i>Stig</i>
Er með húsnæði. Húsaleiga er minna en 20% af heildartekjum heimilisins	0
Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður er íþyngjandi, húsaleiga er meira en 20% af heildartekjum heimilisins	1
Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður er verulega íþyngjandi, húsaleiga er meira en 30% af heildartekjum heimilisins	2
Óöruggt húsnæði, þ.e. gistir hjá vinum og/eða ættingjum	2
Er húsnæðislaus (hefur í ekkert hús að venda)	4
Heilsuspillandi húsnæði samkvæmt mati heilbrigðiseftirlits eða húsnæði er sannanlega óíbúðarhæft af öðrum ástæðum og veruleg vandkvæði eru bundin við að finna nýtt húsnæði	4

<i>Félagslegar aðstæður umsækjanda</i>	<i>Stig</i>
Aðstæður umsækjanda eru betri en getið er hér að neðan	0
Umsækjandi glímir við félagslegan vanda og hefur fengið umfangsmikinn stuðning félagsþjónustu, annan en fjárhagslegan, á undanförunum 12 mánuðum	2
Umsækjandi glímir við fjölþættan vanda og hefur fengið umfangsmikinn stuðning félagsþjónustu og/eða barnaverndar, annan en fjárhagslegan, í að lágmarki 24 mánuði	4
Umsækjandi glímir við alvarleg langvinn veikindi sem hafa veruleg áhrif á fjárhags- og húsnæðisstöðu samkvæmt faglegu mati félagsráðgjafa	4



Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt séu rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan notanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

17. gr.

Endurskoðun á reglum þessum

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og að teknu tilliti til viðeigandi þjónustu- og gæðaviðmiða, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.

18. gr.

Gildistaka

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 2. og 3. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum. Reglur þessar voru samþykktar af bæjarstjórn þann 7. nóvember 2024 og öðlast gildi þann 1. desember 2024. Jafnframt falla þá úr gildi eldri reglur Fjarðabyggðar um sérstakar húsnæðisstuðning frá 17. febrúar 2023.

Fjarðabyggð, 8. nóvember 2024


Jóna Arný Þórðardóttir
bæjarstjóri

Samþykkt í fjölskyldunefnd 29.10.24

Samþykkt í bæjarráði 4.11.24

Samþykkt í bæjarstjórn 7.11.24